

Ársskýrsla Fókus, faghóps um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu starfsárið 2021/2022

Á síðasta starfsári höfðu viðburður hópsins farið fram yfir netið og var því mjög ánægjulegt að okkur tókst að halda viðburði þessa starfsárs með hefðbundnum hætti á Grand hótél. Hópurinn stóð fyrir tveimur viðburðum og var sá fyrri í október 2021 með yfirskriftinni Mætti tölvukerfi þitt vera notendavænna? Sá síðari, í febrúar 2022, undir heitinu Heilbrigðisráðstefnan - Geta kerfin virkað eins og legókubbar?

Október 2021: Mætti tölvukerfi þitt vera notendavænna?

Hugmyndin með fundinum var að ræða um hönnun viðmóts frá ýmsum sjónarhornum svo það styðji sem best við þarfir heilbrigðiskerfisins. Við leituðum svara við því hvort hinn almenni starfsmaður í heilbrigðisþjónustunni væri ánægður með tölvukerfin sem hann notar í daglegu starfi og hvað væri hægt að gera til að bæta viðmót þeirra. Við fengum Sigurveigu Margréti Stefánsdóttur, heimilislækni á heilsugæslunni Höfða, til að segja frá sinni upplifun á notkun tölvukerfa í heilbrigðisþjónustu. Því næst Eyvind Ívar Guðmundsson, frá SagaCRM, til að ræða sérstaklega um aðgengi blindra og sjónskertra að kerfunum. Þórólfur Ingi Þórsson, frá Origo, talaði um samvinnu við notendur í hönnunarferli heilbrigðislausna og þær áskoranir sem felast í því að þróa áfram tæplega 30 ára gömul kerfi. Í kjölfarið flutti þriggja manna teymi hönnuða og lækna frá Nordverse Medical Solution þeir Arnar Ingi Viðarsson, Arnar Fells Gunnarsson og Kjartan Þórsson, erindi um mikilvægi hönnunarsamtals við þróun lausna fyrir heilbrigðiskerfið. Að lokum sagði Anna Sigríður Islind, lektor í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík, frá hönnun og þróun hugbúnaðar á þeim verkefnum sem hún hefur komið að í sínum rannsóknum. Því miður brunnum við út á tíma og því gafst ekki tími fyrir erindi Möggu Dóru Ragnarsdóttur, stafræns hönnunarleiðtoga hjá Mennskri ráðgjöf, en Magga Dóra dró þó saman helstu atriði sem fram höfðu komið í fyrri erindum dagsins.

Hlekkur á viðburði: <https://www.sky.is/index.php/vidhburdhir/1962-2021-fokus-1020>

Febrúar 2022: Heilbrigðisráðstefnan - Geta kerfin virkað eins og legókubbar?

Hin árlega heilbrigðisráðstefna heppnaðist mjög vel þetta árið. Áherslan var á samvinnu og það hvernig ný kerfi geta tengst þeim sem eru nú þegar til staðar í heilbrigðisþjónustunni. Við fengum Andra Heiðar Kristinsson, stafrænan leiðtoga hjá Island.is, til þess að stjórna fundinum sem hann gerði með miklum sóma. Fundurinn byrjaði með erindi Inga Steinars Ingasonar, frá embætti landlæknis, þar sem hann útskýrði flutning heilbrigðisgagna á milli kerfa með Heklu-heilbrigðisnetinu ásamt því að fjalla sérstaklega um Heilsuveru og tækifærin sem felast í frekari samþættingu kerfa. Því næst kynnti Adeline Tracz, verkefnastjóri í framþróun og nýsköpun hjá HUT LSH, nýjungar í Landspítalaappinu og sagði frá því hvernig appið er ryðja brautina fyrir önnur kerfi sem gætu byggt á sambærilegum grunni. Þar á eftir fjallaði Ægir Þór Steinarsson, vörubróunarstjóri hjá RetinaRisk, um vel heppnaða innleiðingu á hugbúnaði þeirra við Landspítalann. Að lokum kynnti Vigdís Eva

Líndal, frá Persónuvernd, Sandkassann sem er tilraunaverkefni þar sem Persónuvernd leiðbeinir aðilum sem þróa lausnir með gervigreind í gegnum þær áskoranir sem geta orðið á veginum.

Hlekkur á viðburð: <https://www.sky.is/index.php/vidhburdhir/1970-2022-heilbrigdisradstefnan>